

Sp.

23. Tillaga til þingsályktunar

[23. mál]

um nýtingu heimavistarhúsnæðis skóla í þágu aldraðra.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni þess að nýta ónotað heimavistarhúsnæði í grunnskólum, héraðsskólum og hússtjórnarskólum sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Jafnframt verði könnuð félagsleg viðhorf til sambýlis barna og unglings annars vegar og aldraðra hins vegar í heimavistum þessum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið byggðar heimavistir við fjölmarga grunnskóla í landinu. Breytt viðhorf hafa síðan leitt til þess að nokkuð af þessu húsnæði er ekki lengur nýtt til fulls. Heimanakstur hefur aukist, þ.e. börnum er ekið til og frá skóla á hverjum degi, skólum hefur fjöldað og skólar í þéttbýli stækkað þannig að börn eru ekki lengur send úr kaupstöðum og kauptúnnum í heimavistarskólana. Illa nýtt skólahúsnæði, ekki síst þar sem einnig er um að ræða dýrt og vandað heimavistarhúsnæði með mótneyti og annarri tilheyrandi aðstöðu, verður óhagkvæmt í rekstri og getur orðið nánast ofviða fámennum og fjárhagslega veikbyggðum sveitarfélögum.

Svipaða sögu má segja um suma héraðsskóla og hússtjórnarskóla. Þar hafa áherslur einnig breyst og þessir skólar eru því ekki fullnýttir. Flestir eða allir skólanir eru heimavistarskólar og mannvirkir öll og aðstaða byggð samkvæmt því.

Skólanir eru yfirleitt vel í sveit settir, víða er jarðhiti fyrir hendi, sundlaugar á mörgum stöðum og möguleikar til að koma upp þjálfunar- og endurhæfingaraðstöðu sem vel gæti hentat oldruðum. Víða hafa risið þéttbýliskjarnar kringum skólana og er þar nú þegar margvísleg þjónusta fyrir hendi.

Á síðari árum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra orðið æ brýnni og mun samkvæmt spám aukast enn að miklum mun á næstu árum. Pótt víða hafi risið upp heimili fyrir aldraða eru biðlistarnir langir og margir eiga ekki kost á öðru en reyna að leita dvalar fjarri sínum heimahögum, ættingjum og vinum.

Í ljósi þessa er hér flutt tillaga til þingsályktunar um könnun á möguleikum þess að nýta ónotað heimavistarhúsnæði í þágu aldraðra. Gert er ráð fyrir að menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrar standi sameiginlega að gerð þessarar könnunar þar sem málefni aldraðra heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og huga þarf vandlega að því að húsnæði það, sem hugsanlega kæmi til greina að nýta í þessu skyni, þarf að uppfylla ýmis

skilyrði til að henta öldruðum. Einnig er í tillögunni gert ráð fyrir þeim möguleika að samnýta húsnæðið fyrir unga og aldna og þarf sjálfsagt að kanna ýmislegt sérstaklega í því sambandi. Má vel vera að hér sé ein leið til að brúa hið svokallaða kynslóðabil og skapa aftur að einhverju leyti það félagslega umhverfi sem áður ríkti á fjölmennum heimilum en hvarf þegar stórfjölskyldan, sem stundum er nefnd svo, fjölskylda margra ættliða er bjuggu saman, leið undir lok.

Á það skal bent að margir heimavistarskólar eru nýttir til hótelreksturs yfir sumartímann. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur rekið Eddu-hótel í mörgum þeirra og á öðrum stöðum hafa heimaaðilar rekið þar hótel eða nýtt skólana til sumardvalar fyrir ákveðna hópa og haft af þessu nokkrar tekjur. Ekkert er athugavert við slíka ráðstöfun og vissulega þörf á að hafa einnig í huga hvernig maeta eigi auknum ferðamannastraumi yfir sumarið. Einnig má telja líklegt að sumt af þessu húsnæði henti betur fyrir aðra starfsemina en hina og svo öfugt þó að oftast fari nýtingarmöguleikarnir sjálfsagt saman. Jafnframt má minna á þá staðreynd að sums staðar hafa sumarhótel dregið úr aðsókn að þeim hótelum sem rekin eru allt árið og þar með gert rekstur þeirra verulega erfiðan.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja vistunarvanda aldraðra svo mikinn að brýn nauðsyn sé á skjótum aðgerðum. Þar er því tvímælalaust rétt að kanna til hlítar hvort ekki er hér um að ræða leið til úrbóta sem jafnframt mundi leiða til betri nýtingar á opinberu húsnæði í stað viðbótarfjárfestingar.

Pingsályktunartillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Er hún því lögð fram á ný óbreytt frá því sem þá var ásamt greinargerð.